

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

*Deiliskipulagsbreyting, Bjarkarlækur.*

Um er að ræða óverulega deiliskipulagsbreytingu sem varðar lóð Bjarkarlækjar, L224049. Í breytingunni felst aukning á byggingarheimildum úr 200 fm í 210 fm.  
Samþykkt í sveitarstjórn 4. október 2023.

*Deiliskipulagsbreyting, Klausturhólar í Grímsnesi – Baulurimi 14 og 16.*

Um er að ræða óverulega deiliskipulagsbreytingu sem tekur til lóða Baulurima 14 og 16. Í breytingunni felst hliðrun á lóðamörkum milli lóða Baulurima 14 og 16.  
Samþykkt í sveitarstjórn 6. september 2023.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 16. október 2023.*

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,

**Vigfús Þór Hróbjartsson.**

---

B-deild – Útgáfudagur: 31. október 2023